



Leiðsögn - Stéttarfélag leiðsögumanna
Stórhöfða 25
110 Reykjavík

Reykjavík 22 maí 2018

Umsögn: Tillaga til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029, 479. mál, þingskjal 689.

Leiðsögn - Stéttarfélag leiðsögumanna fagnar framangreindri þingsályktun en leyfir sér jafnframt að koma með eftirfarandi athugasemdir og ábendingar.

Í fyrstu grein ályktunarinnar er lögð megináhersla á stýringu ferðamanna, m.a. því að “*að beina meginþorra ferðamanna á þá áfangastaði í viðkomandi landshluta þar sem unnið er að uppbyggingu innviða og aðstaða og þjónusta er fullnægjandi.*” Ekki er dregin í efa þörf á stýringu að einhverju marki til að vernda náttúru og menningarsögulegar minjar en varað er við því að ganga of langt í því að skipuleggja og reyna að binda strauma ferðamanna við ákvæðna staði sem af einhverjum ástæðum eru taldir heppilegir. Dreifing ferðamanna um landið er nú lítil og fer minnkandi ekki síst fyrir þær sakir að henni er stýrt af flugfélögum og öðrum stórum aðilum sem hag hafa af samþjöppun og hraðri umsetningu. Afleiðingin er sú að álag af ferðamennsku beinist nú einkum að fáum “ferðamannastöðum” á suðvesturhorni landsins á meðan aðrir landshlutar fara halloka og þeim ferðamönnum sem heimsækja landið ekki til að berja einstök vel auglýst fyrirbæri augum en vilja fremur kynnast náttúru landsins, menningu og sögu fer hlutfallslega fækkandi. Stýring og ítala á “ferðamannastaði” mun ekki vinna á þeim vanda. Félagið vill vara við ofuráherslu á stýringu og flokkun eftir tegund ferðamennsku og telur að markmiðum áætlunarinnar verði betur náð með öðrum hætti.

Þjóðgarðar landsins eru þau svæði þess þar sem áhersla hefur verið lögð á að vernda náttúru og minjar og eru þeir að fullu í umráðum ríkisins. Eins og fram kemur í 2. grein ályktunarinnar er lögð sérstök áhersla á gildi þess að tryggja vernd náttúru og menningarminjar á þessum svæðum m.a. með fullnægjandi landvörslu og er það vel. Það hefur þó sýnt sig að góð landvarsla er ekki nóg einkum á fjöl förnunum stöðum þar sem stórir hópar ferðamanna koma. Mikil ábyrgð hvílir á þeim sem skipuleggja, selja slíkar ferðir og stýra þeim. Leiðsögumenn eru, að því gefnu að þeir hafa fullnægjandi þekkingu til að sinna starfi sínu, flestum færari um að stuðla að góðri umgengni og koma í veg fyrir skemmdir á náttúrunni auk þess sem að þeir geta öðrum betur frætt ferðamenn um náttúru staðarins og sögulegar minjar. Leggur félagið til að í 2. grein ályktunarinnar verði bætt ákvæðum þess efnis að settar verði sem fyrst reglur þess efnis að þeim sem selja ferðir fyrir hópa og fara með þá um þjóðgarða landsins verði gert skylt að hafa fagmenntaða leiðsögumenn við stjórn í slíkum ferðum.

Í 3. grein ályktunarinnar er fjallað um öryggismál. Félagið gerir athugasemd við þá staðhæfingu sem þar er að finna og segir: “*Grundvallarreglan verði sú að ferðamenn ferðist í náttúru landsins á eigin ábyrgð.*” Þegar um er að ræða hópferðir á vegum ferðastofu eða ferðaskipuleggjanda er það ekki svo. Ferðasalinn og starfsmenn hans á staðnum, svo sem leiðsögumaður, geta einnig verið ábyrgir eins og nýlega kom fram í niðurstöðu úrskurðanefndar tryggingamála vegna slyss í Reynisfjöru. Telur félagið því einnig nauðsynlegt að með hliðsjón af öryggismálum og því að fyllst öryggis sé gætt komi í stefnumörkunina ákvæði sem skyldi seljendur hópferða að hafa staðkunnuga leiðsögumenn í slíkum ferðum.

Leiðsögn - Stéttarfélag leiðsögumanna óskar þess að tekið verði tillit til framangreindra atriða og væntir þess að þingsályktunin verði samþykkt með tilsvarende breytingum.

F. h. Leiðsagnar

Indriði H. Þorláksson
formaður